

Sigríður Kristinsdóttir

From: Ari Matthíasson <ari@leikhusid.is>
Sent: 29. ágúst 2017 12:20
To: Sigríður Kristinsdóttir
Cc: Guðlaug Kristjánsdóttir; grimurjon@gmail.com
Subject: Tré fyrir Stefán Karl (japansreynir)

Sælar Sigríður og Guðlaug,

Fyrir hönd Þjóðleikhússins óska ég leyfis til þess að fá að gróðursetja japansreyni (eða aðra trjátegund ef þessi hentar ekki) í Hellisgerði og tileinka það tré Stefáni Karli Stefánssyni.

Ég veit að þið þekkið tilurð óskar minnar og aðstæður og er þess vegna ekki að tíunda það hér frekar, en er auðvitað tilbúinn að gera svo og þá með formlegri hætti sé þess óskað.

Næstkomandi fimmtudag munum við frumsýna Með fulla vasa af grjóti og við það tækifæri væri ánægjulegt ef ég mætti kynna þessi áform í litlu hófi að lokinni sýningu.

Minn sérfræðingur og ráðgjafi um gróðursetninguna er Hallgrímur Hallgrímsson (8997263/ grimurjon@gmail.com) og mun hann útvega japansreyninn. Best er ef garðyrkjustjóri ykkar og Hallgrímur ræði framkvæmdina (og ég fái að fylgjast með), en Þjóðleikhúsið mun standa straum af verkefninu og greiða kostnað sem kann að falla til.

Takk fyrir vinsamleg og skjót viðbrögð.

Með kveðju,

Ari Matthíasson

Þjóðleikhússtjóri / Director

Þjóðleikhúsið / National Theatre

Hverfisgata 19, 101 Reykjavík, Iceland

ari@leikhusid.is www.leikhusid.is

tel: + 354 5851241 / mobil: + 354 8247624



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þessi tölvupóstur og viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á.

The information transmitted, and attachments, may contain confidential or privileged material and is intended for the addressee only.